

Nokkur atriði til umræðu vegna MA-ritgerða

Allir nemendur sem fá leiðsögn JTJ fara yfir þessi atriði með honum við upphaf samstarfs. Ekki gera allir kennarar einmitt þessar kröfur, utan þess sem stendur í Handbók um meistaranám.

Það sem merkt er með gulu eru atriði sem JTJ hefur sett fram sérstaklega, sumt aðeins til minnis eða áherslu, en jafnframt einstaka kaflar sem eru sérstaklega merktir.

Ritgerðir skulu vera lagðar fram á deildarskrifstofu sex vikum fyrir brautskráningu til prófdæmingar

Í uppeldis- og menntunarfræði er gert er ráð fyrir að annar kennari en leiðbeinandi lesi yfir ritgerð áður en gengið er frá henni, og tími gefist til lagfæringa á grundvelli ábendinga sem þar koma fram; þar bætast því við tvær vikur. Þannig þarf nemandi að gera ráð fyrir að ritgerð sé til í bærilega endalegu formi í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir útskrift.

Nemendur skulu miða við að

60e (ECTS) ritgerð sé 80-90 síður (± 40 þús. orð), en
30e (ECTS) ritgerð sé 65-75 síður (± 32 þús. orð).

Munurinn liggur ekki í textalengdinni heldur í þeirri rannsóknarvinnu sem að baki liggur.

Rannsóknaráætlun fyrir lokaverkefni í meistaranámi (úr handbók).

Athugið: Nemendum ber að leggja fram rannsóknaráætlun, sem kennari verður að samþykkja formlega.

Í samráði við leiðbeinanda sinn leggur nemandi í meistaranámi fram rannsóknaráætlun um lokaverkefni sitt eigi síðar en í maílok á fyrsta námsári sínu. Rannsóknaráætlunin er formleg yfirlýsing um hvernig nemandinn hyggst framkvæma rannsóknina og markmið áætlunarinnar er að afmarka verkefnið, skýra tilgang þess, skilgreina rannsóknarspurningar og -aðferðir. Rannsóknaráætlun inniheldur jafnframt áætlun um framkvæmd verkefnisins og þar er gerð grein fyrir framlagi þess og gildi.

Athugið að JTJ gerir eilítið aðrar kröfur en koma fram í rannsóknarhandbók. Þetta verða þeir nemendur sem leita til hans að gera sér grein fyrir.

Í rannsóknaráætlun þurfa eftirfarandi þættir að koma fram:

- kynning á verkefninu, lýsing á viðfangsefninu og afmörkun efnisins
- greinargerð um markmið verkefnisins, og álitamál sem tengjast verkefninu
- rök fyrir vali á verkefni og hvernig það tengist reynslu eða áformum nemandans
- lýsing á fræðilegum bakgrunni (stöðu þekkingar á rannsóknasviðinu) og skýringar á hugtökum eftir því sem við á (8-10 síður)
- hugmyndir um þær rannsóknarspurningar sem spurt er, í ljósi fræðilegrar umræðu
- greinargerð um þær rannsóknaraðferðir sem verður beitt, hvernig staðið verður að gagnasöfnun, greiningu og úrvinnslu gagnanna
- umfjöllun um siðferðileg álitamál, ef þarf, og hvaða leyfa verður aflað fyrir rannsókninni, ef við á.
- greinargerð um vísindalegt og hagnýtt gildi verkefnisins
- framkvæmda- og tímaáætlun
- uppkast að efnisyfirliti

Rannsóknaráætlun skal að jafnaði vera um **12 - 15** blaðsíður að lengd. Framlögð rannsóknaráætlun er metin af leiðbeinanda.

Athugið: Nemendum hættir til að hefja gagnasöfnun áður en rannsóknaráætlun, samþykkt af leiðbeinanda, liggur fyrir og áður en uppkast liggur fyrir að fræðilegum kafla. **Þetta er ófært.** Þetta stafar m.a. af því að kennarar í aðferðafræðinámskeiðum gera þá eðlilegu kröfu að nemendur safni gögnum í þeim námskeiðum, sem þeir geti bæði æft sig á og jafnvel notfært sér. En til þess að koma í veg fyrir þá handabaksvinnu sem þetta hefur í för með sér, hvað MA rannsóknina sjálfa snertir, verður sennilega, því miður, oftast að hafna því að þessi gögn verði notuð í hinni eiginlegu rannsókn, enda á hún að standa sjálfstætt undir þeirri rannsóknarvinnu sem þarf. Nemendur verða að átta sig á þessu. Þetta er nefnt að marggefnu tilefni.

Viðmið vegna MA ritgerðar (viðmiðunarlisti prófdómara), sem félagsvísindadeild¹ sendir öllum prófdómurum.

Athugið: Nemendur verða að fara yfir þessi atriði með leiðbeinanda bæði við gerð rannsóknaráætlunar og þegar fyrsta uppkast ritgerðar liggur fyrir.

Athugasemd [jtj1]: Aths. JTJ

- 1) Er viðfangsefnið vel kynnt í upphafi ritgerðarinnar? Er val viðfangsefnis og mikilvægi þess rökstutt?
- 2) Eru markmið verkefnisins skýr? Er gerð glögg grein fyrir þeim spurningum eða úrlausnarefnum sem leitað er svara við?
- 3) Setur höfundur verkefni sitt í fræðilegt samhengi (og sögulegt eða samfélagslegt ef við á)? Er gerð góð grein fyrir fræðilegum bakgrunni viðfangsefnisins? Er fjallað um þau álitamál sem tengjast viðfangsefninu?
- 4) Gerir höfundur grein fyrir tengslum sínum við viðfangsefnið og með hvaða hætti viðhorf hans og afstaða gætu haft áhrif á verkið?
- 5) Hvernig eru heimildir valdar og nýttar?
- 6) Gerir höfundur glögga grein fyrir rannsóknaraðferðum, framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun, þátttakendum og úrvinnslu gagna?
- 7) Er meðferð og úrvinnsla rannsóknargagna vönduð, greinandi og gagnrýnin? Er gætt eðlilegrar varfærni þegar ályktanir eru dregnar? Gerir höfundur sér grein fyrir takmörkunum verkefnisins?
- 8) Er greinargóð lýsing á niðurstöðum rannsóknarinnar í gagnagreiningarköflunum?
- 9) **Hversu góð er framsetning efnisins? Er ritgerðin röklega uppbyggð og gott samhengi milli allra hluta hennar? Myndar verkið eina heild? Er markmiðum náð og rannsóknarspurningum svarað? eru í niðurlagi dregnar saman mikilvægustu niðurstöður rannsóknarinnar og helstu lærdómar sem af henni má draga?**
- 10) Hvernig er málfar og frágangur? Er frágangur og framsetning myndrænna upplýsinga góð, ef við á?
- 11) Sýnir höfundur hugkvæmni eða varpar hann nýju ljósi á viðfangsefnið? Hvert er gildi verkefnisins? Leiðir það af sér nýja þekkingu?
- 12) Er gerð grein fyrir siðferðilegum atriðum eða álitamálum ef um slíkt er að ræða?
- 13) Er rannsóknarsniðið í góðu samræmi við rannsóknarspurningarnar, eru rannsóknaraðferðir í góðu samræmi við rannsóknarspurningarnar og er gagnasöfnunin öguð og vönduð.

Athugasemd [jtj2]: JTJ leggur alveg sérstaka áherslu á þetta atriði, sbr. um uppbyggingu hér á eftir.

Athugasemd [jtj3]: Viðbót JTJ

¹ Samið meðan höfundur kenndi við félagsvísindadeild HÍ.

Um uppbyggingu ritgerðar

Höfundar rannsóknarritgerða ættu að leggja sérstaka alúð við uppbyggingu ritgerða sinna strax frá upphafi.

Nemendur verða að gera sér grein fyrir því að uppbygging ritgerðar getur verið mismunandi eftir efni, efnistöfum og leiðbeinendum. Það er leiðbeinandi sem tekur af skarið um þetta efni með nemanda. Þetta er nefnt vegna þess að m.a. í málstofu eru hugsanlega gefin leiðsögn sem leiðbeinandi er ekki sáttur við.

Erfitt er að negla niður blaðsíðufjölda en hér er gefin mjög gróf hugmynd að uppbyggingu 80 blaðsíðna ritgerðar (ca. 450 orð á síðu).

			Bls.
Útdráttur	1	150-200 orð	
Abstract	1	150-200 orð	
Formáli	1		1
Efnisyfirlit	1-2		3
I Inngangur	2-4		6
	Markmið		
II Fræðilegt baksvið	25-30		34
	Rannsóknarspurningar		
III Framkvæmd - Aðferðir	4-8		40
	Tengsl rannsóknarspurninga og aðferða		
IV Niðurstöður	20-25		62
V Umræða	15		75
	Samantekt rannsóknar		
IV Eftirþankar	3-5		80
Heimildir	4-5		83

Athuga sérstaklega: Tengsl markmiðs, fræða, rannsóknarspurninga og aðferða. Nemandi ætti að skoða þessi tengsl gaumgæfilega þegar hann er að skrifa ritgerðina og athuga hvort þau séu ekki krystaltær.

Athuga sérstaklega: Tengsl markmiðs, fræða, rannsóknarspurninga, aðferða, niðurstaðna og umræðna. Eins ætti nemandi ætti að skoða þessi tengsl gaumgæfilega og alveg sérstaklega þegar hann er að skrifa ritgerðina og athuga hvort þau séu ekki krystaltær.

Það er gagnlegt að líta á ritgerðina sem sögu sem höfundur segir. Hann getur því sífellt spurt sig: er söguþráðurinn, sjálfum mér og öðrum greinilegur og auðskilinn?

Athugið að rík áhersla er lögð á að ritvinnsla ritgerðarinnar sé frá upphafi öguð, t.d. sé ritvinnsluferfið notað til hins ítrasta og notaðir stílar fyrir meginmál, sérstakar tilvitnanir og fyrirsagnir. Jafnframt er gerð krafa um að *EndNote*, eða annað ámóta kerfi og *APA* sniðið sé notað frá upphafi.

Athugasemd [jtj4]: Í Inngangskafli er gerð skýr grein fyrir markmiðum rannsóknarinnar, baksviði rannsakandans, áhuga hans á efninu, og almennri aðkomu hans. Einnig er uppbyggingu ritgerðarinnar lýst í mjög gróum dráttum.

Athugasemd [jtj5]: Miklu skiptir að rannsóknarspurningar komi síðast í fræðilega kaflanum og séu rækilega fléttaðar saman við hina fræðilegu umræðu. Þetta er meðal mikilvægustu atriði ritgerðarinnar, þótt kaflinn sé ekki nema 2-3 síður. Þessar spurningar spegla vitanlega markmiðin, en eru mun meitlaðri og sýna vel hvers höfundur leitar svara við sem hann hefur ekki fundið í öðrum rannsóknum.

Athugasemd [jtj6]: Aðferða eða framkvæmdakafli er ekki kafli um aðferðafræði, heldu um aðferðir, um það hvernig rannsóknin er framkvæmd. Að vísu er rétt að fjalla þar um þau álitamál sem snerta framkvæmd rannsóknarinnar, en klárlega ekki fræðileg umfjöllun um aðferðafræði.

Athugasemd [jtj7]: Rannsóknarspurnin gagnar kalla á tiltekna rannsóknaraðferðir (en ekki öfugt, eins og sumir nemendur virðast halda). Í aðferðakaflanum er þessum tengslum gerð sérstök skil (sjá dæmi hér á eftir).

Athugasemd [jtj8]: Það er eðlilegt að rannsakandi stigi aðeins út fyrir ritgerðina, þegar hann hefur lokið fræðilegri umfjöllun sinni og velti því fyrir sér hvað hann hefur af henni lært og hvaða tilefni umhugsunar og jafnvel breytinga hún gefur tilefni til, þótt deila megi um hvort þessar ályktanir leiði beint af niðurstöðunum.

Tengsl rannsóknarspurninga og aðferða

Miklu skiptir að rannsóknarspurningar stýri vali á aðferðum. Það væri fráleitt að ákveða fyrst að nota e-a aðferð og leita svo uppi spurningar sem passa henni. Hins vegar er iðulega samspil þarna á milli. Hér er birt dæmi þar sem höfundur spyr nokkurra spurninga sem hún leiðir af fræðilegri umfjöllun um efni sitt og kannar svo hvað aðferðum væri eðlilegast að beita til þess að svara spurningunum.

Markmið ritgerðarinnar var að kanna hvaða þættir réðu framvindu leikrænnar tjáningar í grunnskólum á Íslandi á árunum 1970-2006.

Tengsl rannsóknarspurninga og rannsóknaraðferða							
	Víðtöl	Rýnihópar	Þátttökuathugun	Spurningalisti	Byggt á fundargerðum	Byggt á rituðum heimildum	
	X	X		X	X	X	■ Hvaða merkingu leggur fólk í leikræna tjáningu?
	X	X	X	X	X	X	■ Hvaða hugmyndafræði og aðferðir leikrænnar tjáningar hafa verið ríkjandi í skólunum?
	X	X				X	■ Hvaða hugmyndastraumum menntunarfræðinnar virðist leikræn tjáning helst tengjast?
	X	X		X	X	X	■ Hvað greiddi götu leikrænnar tjáningar?
	X	X		X	X	X	■ Hvað hindraði eða tafði?
	X	X				X	■ Hefur leikræn tjáning í ísl. skólastarfi einhverja sérstöðu í því sambandi?

Kristín Á Ólafsdóttir (2007). *Þróun leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum*. MA-ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði við HÍ. (Taflan er birt með góðfúslegu leyfi höfundar).